

HORFUR Í EFNAHAGSMÁLUM

HAGSPÁ ASÍ 2017-2019







Inngangur

Íslenskt efnahagslíf stendur í miklum blóma á hina hefðbundnu mælikvarða. Við **teljum toppi hagsveiflunnar náð** en þótt heldur hægi á gerir spá okkar ráð fyrir að hagnæðingur verði áfram umtalsverður næstu tvö árin. Sem fyrr eru þó ýmsir óvissuþættir sem breytt geta myndinni framundan, ekki síst í ríkisfjármálum, ferðaþjónustu og húsnæðismálum.

Hagdeild ASÍ birtir nú annað árið í röð haustspá sína um horfur í efnahagsmálum í aðdraganda Alþingiskosninga. Slíkar **sviptingar skapa talsverða óvissu um þróun ríkisfjármála og áhrif þeirra á efnahagslífið**. Þrátt fyrir mikinn uppgang er rekstur ríkissjóðs í járnnum þegar horft er framhjá þeirri tekjuaukningu sem til er komin vegna uppsveiflunnar. Tekjustofnar hafa markvisst verið veiktir undanfarin ár á sama tíma og mikilvægar velferðarumbætur og innviðaf framkvæmdir hafa verið vanræktar. Ríkisfjármálin hafa þannig ýtt undir ofþenslu og efnahagsstjórnin hefur stutt illa við stöðugleika þrátt fyrir loforð um annað í kosningabaráttunni haustið 2016.

Þetta haustið einkennast kosningaloforðin af umtalsverðum útgjaldaloforðum en nokkur ágreiningur er um fjármögnunarleiðir og lítið er rætt um áhrif mismunandi leiða á stöðugleikann, bæði þann efnahagslega og þann félagslega. **Óábyrg fjármögnun loforða t.d. með því að draga úr afgangi ríkissjóðs eða með einskiptistekjum í stað frekari tekjuöflunar vinnur gegn stöðugleika**. Ef skilningur stjórnmalanna á nauðsynlegu samhengi þessara þátta eykst ekki mun það hafa áhrif á kjaraviðræður komandi missera og valda aukinni óvissu á vinnumarkaði.

Ferðaþjónustan er nú orðin stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Ævintýraleg fjölgun ferðamanna hefur átt veigamestan þátt í uppsveiflu síðustu ára og skapað hér þúsundir starfa og þýðingarmiklar gjaldeyrstekjur. Þótt spár geri nú flestar ráð fyrir að hægja muni á fjölgun ferðamanna er áfram gert ráð fyrir vexti í greininni og þjóðhagslegt mikilvægi hennar er ótvírætt. Þrátt fyrir það hefur **lítill umræða farið fram um áhrif ferðaþjónustunnar á vinnumarkaðinn** og mikilvægum spurningum er ósvarað. Hvernig störf skapast í greininni? Hvert er launastigið í þeim störfum? Hver eru áhrifin á aðrar greinar og **hvernig störf viljum við skapa til framtíðar?** Sömuleiðis hefur stjórnmaláamönnum ekki tekist að koma sér saman um eðlilega gjaldtöku af greininni og af umræðum í aðdraganda kosninga að dæma er allt útlit fyrir að ekki verði af fyrirhugaðri breytingu á virðisaukaskatti sem setur ferðaþjónustuna í almennt skattþrep virðisaukaskatts. Það er löngu orðið tímabært að koma þessari umræðu á dagskrá ef okkur er alvara með því að byggja upp ferðaþjónustu sem eina meginstöðum atvinnulífsins og undirstöðu efnahagslegrar velferðar til framtíðar.

Staða fólks á húsnæðismarkaði hefur ráðið miklu um hvort efnahagsuppsveifla síðustu ára hafi skilað sér í auknum lífsgæðum. Þeir sem eru í erfiðri stöðu, sérstaklega ungt fólk og tekjulág heimili, hafa setið eftir. Þótt umsvif í íbúðarbyggingum hafi aukist verulega síðustu ár og útlit sé fyrir áframhaldandi vöxt er uppsöfnuð þörf fyrir nýtt húsnæði enn umtalsverð. Þessum veruleika verður ekki breytt með töfralausnum á borð við auknar lánveitingar því þær valda aðeins hækkun húsnæðisverðs þegar húsnæðisskortur er vandinn. **Raunhæfasta leiðin til að tryggja húsnæðisöryggi á Íslandi til framtíðar er að stjórnvöld setji aukið fjármagn í uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu og vaxta- og húsnæðisbótakerfin.**



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Helstu atriði | 4 |
| Töluverður vöxtur útflutnings þó dragi úr fjölgun ferðamanna | 6 |
| Vöxtur einkaneyslu nær hámarki á þessu ári | 7 |
| Hugleiðingar um hag heimila og jöfnuð | 9 |
| Íbúðafjárfesting heldur uppi fjárfestingastiginu á næstu árum..... | 11 |
| Húsnæðisverð í sögulegum hæðum – Framboð þó farið að aukast..... | 12 |
| Óvissa í ríkisfjármálum | 15 |
| Forsendur fyrir áframhaldandi verðstöðugleika..... | 17 |
| Störfum fjölgar en atvinnuleysi eykst | 20 |
| Atvinnuleysi og atvinnuþáttaka | 20 |
| Vinnuafseftirspurn og atvinnugreinar | 22 |

Helstu atriði

SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

| Hlutfallsleg breyting | Í ma.kr. | | Spá | | |
|--|----------------|------------|------------|------------|------------|
| | 2016 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
| Einkaneysla | 1.211,7 | 7,1 | 7,5 | 5,5 | 3,2 |
| Samneysla | 557,2 | 1,9 | 2,1 | 2,0 | 1,9 |
| Fjármunamyndun | 521,6 | 22,8 | 9,0 | 5,2 | 3,1 |
| þar af atvinnuvegir | 376,7 | 26,4 | 4,5 | 0,1 | -0,5 |
| þar af húsnæði | 80,8 | 29,4 | 26,5 | 21,7 | 14,9 |
| þar af hið opinbera | 64,1 | -1,0 | 9,3 | 6,2 | 5,9 |
| Þjóðarútgjöld | 2.293,4 | 8,9 | 6,2 | 4,6 | 2,9 |
| Útflutningur | 1.186,7 | 10,9 | 8,3 | 4,4 | 3,6 |
| Innflutningur | 1.031,3 | 14,5 | 10,9 | 7,5 | 4,0 |
| Landsframleiðsla | 2.448,8 | 7,4 | 5,3 | 3,3 | 2,8 |
| Verðbólga ¹ | | 1,7 | 1,8 | 2,6 | 2,9 |
| Atvinnuleysi ² | | 2,3 | 2,3 | 2,5 | 2,9 |
| Gengisvísitala ³ | | 180 | 161 | 165 | 166 |
| Vöru- og þjónustujöfnuður ⁴ | | 6,3 | 6,2 | 4,4 | 3,7 |

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Skráð atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Eftir kraftmikinn hagvöxt undanfarinna ára sýnir hagkerfið merki um að hægja muni á umsvifum á árunum 2017–2019. Íslenskt efnahagslíf hefur því náð toppi hagsveiflunnar. Engu að síður verður ágætur hagvöxtur á spátímanum en hann verður drifinn í auknum mæli af vexti einkaneyslunnar fremur en auknum útflutningi eða fjármunamyndun. Spáð er 5,3% hagvexti á þessu ári og 3% að jafnaði á árunum 2018–2019.

Horfur í efnahagsmálum eru að mörgu leyti góðar og útlit er fyrir að núverandi hagvaxtarskeið geti staðið yfir í níu ár ef spá hagdeildar gengur eftir. Við teljum að það hægi á vexti ferðaþjónustunnar og gerum jafnframt ráð fyrir nokkuð stöðugu gengi krónunnar yfir spátímann. Spáin lýsir þeirri efnahagsþróun sem hagdeildin telur líklegasta en margir óvissuþættir eru þó til staðar og því gætu aðrar sviðsmyndir líka orðið að veruleika. Þannig myndi hraðari kólnun í ferðaþjónustu hafa töluverð áhrif víða, t.d. á vinnumarkaði og fasteignamarkaði þannig að draga myndi úr vexti einkaneyslu og fjárfestingar.

Ekki eru miklar breytingar frá síðustu spá hagdeildar. Við teljum þó að útflutningur verði meiri á þessu ári, 8,3% í stað 6,6% í vörspánni. Á næsta ári hægir sýnilega á vexti útflutnings sem verður að jafnaði 4% á árunum 2018–2019.



Vöxtur einkaneyslu verður 7,5% á þessu ári og nær hámarki en verður þó töluverður á næstu árum, eða 5,5% árið 2018 og 3,2% árið 2019. Það hægir á fjármunamyndun og verður íbúðafjárfesting helsti drifkraftur fjárfestinga yfir spátímann. Það hægir á þeim mikla vexti sem ríkt hefur í fjárfestingum atvinnuveganna undanfarin ár og gerum við ráð fyrir 4,5% vexti atvinnuvegafjárfestingar á þessu ári og svo nokkuð stöðugri þróun út spátímann. Búast má við því að fjármunamyndun verði á bilinu 21,5%–22,3% af VLF yfir spátímann.

Húsnæðisverð er orðið sögulega hátt í kjölfar mikilla hækkana undanfarinna ára. Þær má rekja til lítils framboðs af nýju húsnæði, mannfjölgunar og aukinnar kaupgetu heimilanna. Aðstæður á húsnæðismarkaði eru því varasamar þeim sem hyggja á skuldbætt húsnæðis kaup. Merki eru um að hægt hafi á umsvifum á húsnæðismarkaði en slíkar aðstæður kunna að vera tímabundnar þar sem svigrúm heimilanna til aukinnar skuldbættningar er enn nokkuð.

Framangreind þróun á húsnæðismarkaði er einnig megin drifkraftur verðbólgu undanfarinna missera. Verðbólga mældist 1,4% í ágúst en sé horft framhjá áhrifum húsnæðisverðs hefur verðlag hjaðnað um 3%. Verði þróun efnahagslífsins í takt við spá okkar eru forsendur fyrir því að verðbólga verði innan vikmarka á næstu árum, 2,6% á næsta ári og 2,9% árið 2019.


Við teljum að litlar breytingar verði á vexti samneyslunnar á spátímanum, eða um 2% árlega. Hins vegar mun hlutdeild samneyslunnar í vergri landsframleiðslu halda áfram að lækka og verða lægri en að meðaltali sl. tuttugu ár. Sé leiðrétt fyrir hagsveiflunni er rekstur ríkissjóðs í járnnum, einkum vegna tilslakana á tekjuhlið fjárlaganna en aðhaldið í stefnunni hefur fyrst og fremst byggt á því að halda aftur af brýnum velferðarverkefnum. Að óbreyttu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld þegar hægir á í efnahagslífinu og við blasir niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna.

Vinnumarkaðurinn gefur skýrar vísbendingar um að hápunkti hagsveiflunnar hafi verið náð. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að meðaltali 2,3% þetta árið en að það aukist lítillega næstu tvö ár, verði 2,5% árið 2018 og 2,9% árið 2019. Aukin umsvif í ferðaþjónustu hafa átt stóran þátt í að fjölga störfum, en á síðustu mánuðum hefur störfum tengdum henni fjölgað hægar en á undanförunum árum. Athygli vekur að vinnuafleiðingarspurn (sér í lagi í byggingariðnaði) er nú mætt með meiri innflutningi erlends vinnuafls en áður hefur þekkt hér á landi.

Töluverður vöxtur útflutnings þó dragi úr fjölgun ferðamanna

Mikill vöxtur útflutnings árið 2016 skýrist af enn öðru metári í fjölda ferðamanna hér á landi. Útflutningur jókst um 10,9% á síðasta ári og þar af jókst útflutningur þjónustu um 18,6% á meðan vöruútflutningur jókst einungis um 3,7%. Samkvæmt spá hagdeildar eykst útflutningur um 8,3% á þessu ári og mun svo hægja allnokkuð á vextinum á árunum 2018-2019 þegar hann verður á bilinu 3,6–4,4%.


Vöxtur útflutnings



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Alls komu um 1,8 milljónir ferðamanna til Íslands árið 2016 og fjölgaði þeim um rúma hálfa milljón milli ára sem jafngildir 40% aukningu. Áhugavert er að setja þessar tölur í samhengi við skýrslu Boston Consulting Group um ferðaþjónustu frá árinu 2013 en þar var talið mögulegt að ferðamönnum fjölgaði upp í 1,5 milljónir fyrir árið 2023¹.

Brottfarir erlendra ferðamanna á mánuði - meðaltal




Heimild: Hagstofa Íslands

¹ Sjá nánar <http://www.visir.is/g/2013709119937>

Gríðarleg fjölgun ferðamanna á stærstan þátt í núverandi efnahagsuppsveiflu sökum þess hve mannaflsfræk ferðaþjónustan er og hversu víðtæk afleiðd áhrif hún hefur, m.a. á styrkingu gengis krónunnar með tilheyrandi áhrifum á samkeppnisstöðu ferðaþjónustu og annarra útflutningsgreina. Hagvísar benda til þess að nú hægi á vexti ferðaþjónustunnar en á tímabilinu frá maí til ágúst fjölgaði ferðamönnum um 17% samanborið við 32% vöxt á sama tímabili í fyrra. Seðlabankinn bendir einnig á að dregið hafi úr meðalútgjöldum ferðamanna og dvalarlengd.²

Þróun utanríkisviðskipta



Heimild: Hagstofa Íslands

Kraftmikill vöxtur hefur verið í innflutningi undanfarin ár samhliða mikilli aukningu þjódarútgjalda. Innflutningur er nú svipaður og hann var árið 2007 eftir að hafa aukist að meðaltali um 12,7% á ári á árunum 2014–2016. Við teljum að innflutningur muni aukast á spátímanum í takt við áframhaldandi vöxt þjódarútgjalda, þar af um 10,9% á þessu ári, 7,5% á næsta ári og 3,9% árið 2019.


Vöxtur einkaneyslu nær hámarki á þessu ári

Einkaneysla jókst um 7,1% á síðasta ári og var þar með í fyrsta sinn orðin sambærileg því sem hún var árið 2007. Þessi mikli vöxtur einkaneyslunnar er ekki óvæntur og hafa flestir hagvísar bent til þess að heimilin hefðu aukið svigrúm til neysluútgjalda. Á síðasta ári jukust ráðstöfunartekjur heimilanna um 10,2% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 6,9%. Þar af jukust heildarlaunatekjur heimilanna um 11,6%.

Væntingavísitala Gallup náði hápunkti í lok síðasta árs með gildinu 135 og hafði ekki verið hærri frá árinu 2007. Síðan þá hefur dregið úr væntingum, bæði fyrir yfirstandandi tímabil og til sex mánaða. Stórkaupavísitölur benda þó til þess að heimilin láti ekki mat á væntingum draga úr stórkaupum á næstu misserum. Stórkaupavísitala Gallup er svipuð og hún var árið 2007, vísitala fyrirhugaðra utanlandsferða mælist hærri en á þeim tíma og vísitala fyrirhugaðra bifreiðakaupa þokast nær fyrri hæðum.


² Sjá Peningamál 3/2017

Væntingavísitala Gallup



Heimild: Gallup, Hagvísar SÍ.

Stórkaupavísitala Gallup




Heimild: Gallup, Hagvísar SÍ.

Skuldastaða heimilanna hefur farið batnandi undanfarin ár en á fyrri hluta þessa árs tóku skuldir heimilanna að vaxa að nýju. Þróunin skýrist fyrst og fremst af aukinni skuldsetningu vegna íbúðakaupa. Í nýjum *Fjármálastöðugleika* er gerð grein fyrir þessari þróun en einnig bent á að fjölgun heimila á leigumarkaði skýri að hluta lækkun skuldahlutfalls undanfarinn áratug.³

Betri fjárhagsstaða heimilanna endurspeglast í þjóðhagsreikningum ársins 2016 og eru stórkaup meðal þeirra liða sem drifu áfram einkaneysluna á síðasta ári. Útgjöld heimila til kaupa á raftækjum jukust um 14%, húsgagna og heimilisbúnaðar um 18%, veitingaútgjöld jukust um 27%, útgjöld til gistingu um 31% og ökutækjakaupa um 32%.

Einkaneysla - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

³Sjá nánar https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fj%C3%A1rm%C3%A1last%C3%B6%C3%B0ugleiki/2017-2/FS_2017_2

Framangreindar upplýsingar benda til þess að forsendur séu fyrir kröftugum vexti einkaneyslunnar yfir spátímann. Við teljum þó líklegt að vöxturinn nái hámarki á þessu ári. Á fyrri helmingi þessa árs jókst einkaneysla um 8,3% og tölur yfir kortaveltu benda ekki til þess að dregið hafi úr útgjöldum á þriðja ársfjórðungi. Í lok þessa árs teljum við að einkaneysla muni hafa aukist um 7,5% yfir árið. Árið 2018 spáum við 5,5% vexti en árið 2019 hægir á og vöxtur einkaneyslunnar verður 3,2%.

Hugleiðingar um hag heimila og jöfnuð

Í aðdraganda kosninga hefur eðlilega borið á umræðu um hag heimila, skatta, tilfærslur og jöfnuð. Líkt og bent er á hér að framan hefur hagur heimila almennt farið batnandi undanfarin ár og birtist sú þróun í aukinni neyslu heimilanna, auknum sparnaði og niðurgreiðslu skulda. Þetta eru jákvæð tíðindi en þó er varhugavert að draga of miklar ályktanir um hag heimilanna út frá stöðunni á toppi hagsveiflunnar.

Ójöfnuður hefur farið vaxandi í heiminum og víða hefur launafólk ekki notið hlutdeildar í vaxandi verðmætasköpun þar sem raunlaun þróast ekki í takt við aukna framleiðni.⁴ Ísland telst til undantekninga frá þessari þróun. Hér er stéttarfélagspáttaka mikil og öflug stéttarfélag hafa með kjarabaráttu undanfarinna ára aukið hlutdeild launa í verðmætasköpun hér á landi.⁵ Það ætti því ekki að koma á óvart að víða hefur verið bent á sterkt samband stéttarfélagspáttöku og mikils jöfnuðar.⁶ Hvað ójöfnuð varðar segir launaþróun þó ekki alla söguna. OECD birtir tvær ólíkar gerðir af Gini stuðlinum, annars vegar einfaldan Gini stuðul og hins vegar Gini stuðul að teknu tilliti til skatta og tilfærslna. Samkvæmt báðum stuðlum er ójöfnuður lítil hér á landi í alþjóðlegu samhengi en minni þegar tekið er tillit til skatt- og tilfærslukerfanna. Á síðari árum hefur dregið úr jöfnunaráhrifum tilfærslukerfanna og veldur sú þróun áhyggjum þar sem þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir endanlega tekjudreifingu samfélagsins.

Niðurstöður nýlegrar rannsóknar hagdeildar sýna að skattbyrði launafólks hefur farið vaxandi frá árinu 1998.⁷ Það sem vekur sérstaka athygli er hversu mikið tilfærslukerfin hafa verið veikt yfir tímabilið og hversu fækkar í hópi þeirra sem njóta vaxta- og barnabóta. Miðað við yfirlýsta stefnu stjórnvalda í fjármálaáætlun 2018–2022 stendur til að þrengja þann hóp enn frekar og auka þar með enn á skattbyrðina.

Myndirnar hér að neðan sýna þróun kaupmáttar launa og ráðstöfunartekna hjá fólki með lágmarkslaun annars vegar og með laun við efri fjórðungsmörk hins vegar. Miðað er við pör með tvö börn, annað yngri en 7 ára, og 20% eigið fé í 100 m² íbúð. Þegar myndirnar eru bornar saman sést glögglega að kaupmáttur lágmarkslauna hefur vaxið meira en kaupmáttur hærri launa síðustu ár. Þróunin snýst hins vegar við þegar tekið er tillit til skatta og tilfærslna. Kaupmáttur ráðstöfunartekna parsins með laun við efri fjórðungsmörk vex meira en kaupmáttur ráðstöfunartekna parsins með lágmarkslaun. Áherslur verkalyðshreyfingarinnar á hækkun lægstu launa hafa skilað sér í auknum kaupmætti launa þeirra tekjulægri en á sama tíma hefur ríkisvaldið dregið úr tekjutilfærslum og þar með

⁴ Sjá nánar <http://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/almennar-frettir/althjodavinnnumalastofnunin-varar-vid-of-litlum-launahaekkunum-ojofnudur-hefur-aukist-a-islandi/>


⁵ <http://www.oecd.org/eco/surveys/economic-survey-iceland.htm>

⁶ <https://www.imf.org/external/pubs/ft/sdn/2015/sdn1514.pdf>

⁷ <http://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafólks-1998-2016.pdf>

unnið gegn kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna launa, sérstaklega hjá láglaunafólki. Veiking tilfærslukerfanna hefur valdið því að lágtekjuhóparnir hafa ekki notið efnahagsuppsveiflu síðustu ára í sama mæli og aðrir.

Þróun kaupmáttar launa og kaupmáttar ráðstöfunartekna




Áhrif samneyslunnar á jöfnuð mælast ekki í tekjum. Gott aðgengi að ódýrri og góðri heilbrigðisþjónustu og menntun sem og öruggu húsnæði á viðráðanlegu verði hafa mikil áhrif á lífskjör fólks og stuðla að félagslegum stöðugleika.

Hlutfall tekjulágra heimila á leigumarkaði er hærra en annarra tekjuhópa og margir í lágtekjuhópi eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað. Láglaunafólk hefur því síður átt möguleika á að bæta hag sinn með endurfjármögnun og var ekki meðal þeirra sem fengu leiðréttingu húsnæðislána. Þegar hægir á efnahagsumsvifum í hagkerfinu gæti þessi hópur lent í erfiðustu stöðunni og þá munu bíða hans veikari stuðningskerfi en í síðustu niðursveiflu.

Íbúðafjárfesting heldur uppi fjárfestingastiginu á næstu árum

Fjármunamyndun




Fjármunamyndun hefur farið nær samfelld vaxandi frá því hún var sem minnst árið 2010, eða um 13,9% af vergri landsframleiðslu. Kröftug aukning fjárfestinga atvinnuveganna á mestan þátt í þessum vexti en sá liður jókst að meðaltali um fjórðung á ári á árunum 2014–2016. Í kjölfarið hefur fjárfestingastigið náð sögulegu meðaltali, var 21,3% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári, og verður nokkuð stöðugt yfir spátímann. Helsti drifkraftur fjármunamyndunar næstu ára verður í aukinni íbúðafjárfestingu.

Fjárfestingar atvinnuveganna jukust um 26,4% á síðasta ári og er aukningin ekki eingöngu bundin við eina atvinnugrein þó áhrif ferðaþjónustunnar hafi verið mikil í umfangsmiklum fjárfestingum við hótél, gistihús og bílaleigur. Það er viðbúið að hægja muni á vexti fjárfestinga atvinnuveganna á spátímanum en á fyrri hluta þessa árs var aukningin einungis 1,3% milli ára. Samkvæmt könnun Samtaka atvinnulífsins hefur dregið úr væntingum stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins, en um þriðjungur telur að efnahagsaðstæður muni versna á næstu sex mánuðum.⁸ Jafnframt hefur dregið úr fjárfestingaáformum fyrirtækjanna og álíka jafnmargir stjórnendur telja að fjárfestingarumsvif muni aukast og að þau dragist saman. Hagdeild spáir 4,7% vexti fjárfestinga atvinnuveganna á þessu ári, 0,3% aukningu á næsta ári og 0,4% samdrætti árið 2019.

⁸<http://sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-velja-adstaedur-godar-en-blikur-a-lofti>

Opinber fjárfesting




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Opinber fjárfesting hefur dregist saman undanfarin tvö ár, um 2,6% árið 2015 og 1% á síðasta ári. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nam opinber fjárfesting 2,6% á síðasta ári og hefur einungis mælt lægri árið 2012 eftir að hafa dregist verulega saman í kjölfar efnahagshrunsins. Þessi þróun er varhugaverð enda veldur lítil opinber fjárfesting skorti á viðhaldi, endurnýjun og endurbótum innviða. Þannig hefur fjárfesting í samgönguinviðum verið um þriðjung minni á árunum 2011–2016 en hún var á árunum 1994–2003. Sú staðreynd að fjárfesting er minni á síðara tímabilinu er ekki síst alvarleg í ljósi þess að mikil fólksfjölgun hefur orðið á þessum árum, ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega og mæta þarf uppsafnaðri þörf í kjölfar efnahagshrunsins. Í nýlegri skýrslu Samtaka iðnaðarins var uppsöfnuð viðhaldsþörf þjóðvega metin um 70 milljarðar króna, sveitarfélagavega um 55–65 ma. kr. og fasteigna hins opinbera um 76–86 ma. kr. Gangi spá hagdeildar eftir eykst hlutfall opinberrar fjárfestingar á spátímanum en verður þó aðeins um 3% af VLF árið 2019. Ársvöxtur verður því einungis um 7% að meðaltali og opinber fjárfesting fjarri því að mæta þeirri uppsöfnuðu þörf sem til staðar er.

Húsnæðisverð í sögulegum hæðum – Framboð þó farið að aukast


Þróun húsnæðisverðs



Heimild: Þjóðskrá Íslands

Eftir nær samfellda hækkun fasteignaverðs frá árinu 2011 má sjá fyrstu merki um að hægt hafi á þenslu á húsnæðisverði. Í síðustu spá hagdeildar var varað við hættunni á bóllumyndun á húsnæðismarkaði en við útgáfu hennar hafði húsnæðisverð hækkað um tæp 23% milli ára. Frá þeim tíma hefur dregið mjög úr hækkunum. Á næstu misserum eru forsendur fyrir því að draga muni úr þenslu á húsnæðismarkaði eftir því sem fjölgun nýbygginga mætir mikilli eftirspurn. Fátt bendir hins vegar til þess að lækkun húsnæðisverðs sé í kortunum. Til samanburðar má líta til Svíþjóðar þar sem húsnæðisverð hefur hækkað nær samfellt frá aldamótum, ef frá eru talin stutt lækkunartímabil á árunum 2007–2008 og 2011–2012.

Þróun raunverðs húsnæðis




Heimild: Seðlabanki Íslands

Í ágúst hafði húsnæðisverð hækkað um 19% síðustu tólf mánuði, verð á fjölbýli um 18% og verð á sérbýli um 21%. Í núverandi aðstæðum lítillar verðbólgu er þetta veruleg raunhækkun húsnæðisverðs. Á sama tímabili hefur byggingarkostnaður einungis aukist um 3%. Hækkunin er því veruleg, raunverð er sögulega hátt og kaupendur fyrstu eignar í slæmri stöðu, enda berskjaldaðri fyrir lækkun fasteignaverðs sé skuldsetning mikil. Þó slík sviðsmynd sé ekki endilega líkleg gæti hún engu að síður átt sér stað ef önnur þróun í efnahagslífinu yrði ekki hagfelld, t.d. ef skörp niðursveifla ætti sér stað í ferðaþjónustu.


Í aðdraganda kosninga ber nokkuð á kosningaloförðum stjórnmalaflokka í húsnæðismálum. Loförð sem líta að því að auðvelda húsnæðis kaup, t.d. með ráðstöfun lífeyrisframlaga til húsnæðis kaupa, myndu að öðru óbreyttu auka eftirspurn og þannig þenslu á húsnæðismarkaði í stað þess að ráðast á rót vandans, framboðsskort. Vert er að minna á að áður hefur verið ráðist í aðgerðir sem leiddu til allt að 100% skuldsetningar vegna húsnæðis kaupa. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 urðu afleiðingar slíkrar húsnæðisstefnu ljósar þegar fjöldi heimila sat uppi með yfirveðsettar eignir og þunga skuldabyrði.

Fjöldi auglýstra eigna og meðalsölutími



Heimild: Seðlabanki Íslands


Fjöldi kaupsamninga



Heimild: Seðlabanki Íslands

Dregið hefur úr fasteignaviðskiptum milli ára og voru kaupsamningar um 12% færri á höfuðborgarsvæðinu í sumar heldur en árið á undan. Samdrátturinn er minnstur í Reykjavík en eykst eftir því sem lengra er farið frá miðborginni. Meðalsölutími hefur einnig lengst milli ára og geta seljendur í dag vænst þess að tvo og hálfan mánuð taki að selja fasteign samanborið við rúman einn mánuð í upphafi árs. Eignum á sölu hefur jafnframt fjölgað og hafa ekki verið fleiri frá árinu 2015. Þetta skýrist fyrst og fremst af fjölgun fjölbyliseigna á sölu en lítil fjölgun hefur verið á auglýstu sérbyli.

Íbúðafjárfesting - Breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Spá 2017 2018 2019

Í síðustu hagspá⁹ töldum við líklegt að aukin umsvif í mannvirkjagerð myndu komast langt með að ná árlegri húsnæðisþörf yfir spátímann. Við erum enn sömu skoðunar og teljum líklegt að áfram muni draga úr hækkunum á húsnæðisverði eftir því sem nýbyggingum fer fjölgandi og að markaðurinn verði nær jafnvægi í lok spátímans.

Framboð íbúða



Heimild: Hagstofa Íslands og áætlun Samtaka iðnaðarins

Til skamms tíma gæti þó brugðið til beggja átta þar sem góð fjárhagsstaða heimilanna, hagstæð lánakjör og góð eiginfjárstaða gætu hæglega viðhaldið áframhaldandi hækkunum. Spá hagdeildar gerir ráð fyrir 26,5% vexti íbúðafjárfestingar á þessu ári sem er í samræmi við það sem við spáðum í vor. Íbúðafjárfesting eykst um 21,7% á næsta ári og 14,9% árið 2019 og yrði því um 5,3% af VLF í lok spátímans, svipuð og hún var árið 2005 og kæmist því nálægt því að mæta árlegri þörf markaðarins þó enn muni vanta þó nokkuð upp á að uppsafnaðri þörf hafi verið mætt.

Óvissa í ríkisfjármálum

Annað árið í röð er hagspá birt við óvenjulegar aðstæður í ríkisfjármálum. Árið 2016 var fjárlagafrumvarpið ekki lagt fram fyrr en í byrjun desember vegna alþingiskosninga sem fram fóru í lok október það ár. Í ár var fjárlagafrumvarpið lagt fram á tilsettum tíma en 1. umræðu lauk ekki í þinginu þar sem boðað var til kosninga með stuttum fyrirvara. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2018 mun því að öllum líkindum taka breytingum áður en það verður lagt fram að nýju að loknum alþingiskosningunum 28. október.

Það fjárlagafrumvarp sem nú liggur fyrir er í takt við þann ramma sem settur var í fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 síðastliðið vor. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með 44 milljarða afgangi og að heildarskuldir ríkissjóðs lækki um 36 milljarða króna á árinu 2018 og verði í lok þess árs 859 milljarðar, eða um 27% af landsframleiðslu.

⁹ <http://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/frettabref/haetta-a-bolumyndun-a-husnaedismarkadi/>

Staða sveitarfélaga fer batnandi og uppgjör fyrstu sex mánaða ársins fyrir fjögur stærstu sveitarfélögin með yfir 60% íbúanna sýnir jákvæða rekstrarafkomu sem nemur 5,3% af tekjum en hún var tæplega 1% fyrir sama tímabil 2016.

Við spáum því að litlar breytingar verði á vexti samneyslunnar á spátímanum, eða um 2% árlega. Hins vegar mun hlutdeild samneyslunnar í vergri landsframleiðslu halda áfram að lækka. Árið 2016 var hlutdeild samneyslunnar 22,8%, á yfirstandandi ári um 22,7% og 22,6% árið 2018. Þetta er mikil breyting frá árunum 2010–2015 en þá var hlutfallið 24,3% að meðaltali. Ef litið er allt aftur til 1996 er hlutfall samneyslunnar af VLF 23,3% að meðaltali.

Við mat á afkomu hins opinbera er rétt að hafa í huga að ekki er tekið mið af áhrifum hagsveiflunnar á ríkisreksturinn. Á þennan veikleika hafa bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Fjármálaráð bent í athugasemdum sínum undanfarið. Sé tekið tillit til hagsveiflunnar eru áhrif ríkisfjármálanna þensluhvetjandi á sama tíma og efnahagsuppsveiflan er í hámarki.

Þensluáhrifin eru einkum tilkomin vegna tilslakana á tekjuhlið fjárlaganna en aðhaldið í stefnunni hefur fyrst og fremst byggt á því að halda aftur af brýnum velferðarverkefnum. Afleiðingin af þessu er fyrirsjáanleg. Þegar hægir á í efnahagslífinu munu tekjur ríkissjóðs ekki duga til að fjármagna núverandi útgjöld og við blasir niðurskurður eða aukin skattheimta þvert á hagsveifluna. Stjórnvöld eru meðvituð um stöðuna eins og fram kemur í eftirfarandi texta úr fjárlagafrumvarpinu:

Á útgjaldahlið ríkissjóðs hafa það fyrst og fremst verið útgjöld vegna atvinnuleysisbóta, auk barna- og vaxtabóta sem hafa tekið breytingum í takt við hagsveifluna, en að öðru leyti eru útgjöldin að miklu leyti tregbreytileg til skamms tíma. Brottfall nokkurra tekjustofna á undanförunum árum [tollar og vörugjöld] gerir það einnig að verkum að þunginn er orðinn mjög mikill á meginskattstofna eins og virðisaukaskatt, tekjuskatt einstaklinga og tryggingagjald. Það felur í sér að þegar um hægist í efnahagslífinu taka tekjurnar mun stærri dýfu en útgjöldin með tilheyrandi áhrifum á afkomu til hins verra og skuldasöfnun hefst að nýju.¹⁰


Hvort brugðist verði við þessum alvarlega veikleika í ríkisfjármálunum kemur í ljós þegar ný ríkisstjórn leggur fram endurskoðað fjárlagafrumvarp að loknum kosningum. Kosningaloforð flokkanna eru umfangsmikil og lúta að öflugri innviðauppbyggingu og útgjaldaaukningu. Hugmyndum um fjármögnun loforðanna má gróflega skipta í tvennt, annars vegar eru nokkrir flokkar sem ætla fyrst og fremst að mæta fjármögnunarpörf með úttekt á eigin fé úr bönkum í eigu ríkisins og hins vegar flokkar sem ætla að beita þeirri aðferð að hluta í bland við aukna skattheimtu. Mikilvægt er að nýta einskiptistekjur, eins og úttekt á eigin fé banka, til að greiða niður skuldir og í innviðauppbyggingu því útgjaldaaukningu er nauðsynlegt að mæta með aukinni tekjuöflun enda er rekstur ríkissjóðs í járnnum þegar leiðrétt er fyrir hagsveiflunni.

¹⁰ <http://www.althingi.is/alttext/pdf/147/s/0001.pdf> bls. 94-95.



Forsendur fyrir áframhaldandi verðstöðugleika

Þróun verðbólgu




Heimild: Hagstofa Íslands

Þegar verðbólga mældist 1,4% í ágúst síðastliðnum var það jafnframt fertugasti og þriðji mánuður í röð þar sem verðbólga mældist undir 2,5% verðbólguþröng Seðlabankans. Verðbólga hefur að jafnaði verið 1,8% undanfarna tólf mánuði og mælist hún einnig 1,8% að meðaltali sé horft allt aftur til byrjunar árs 2014. Þetta tímabil verðstöðugleika er einnig áhugavert fyrir þær sakir að verðlag hefur verið stöðugt samhliða mikilli efnahagsuppsveiflu, þenslu á vinnumarkaði og umtalsverðum launahækkunum.

Í aðdraganda kjarasamninga undanfarinna ára var varað við því úr ýmsum áttum að miklar launahækkningar myndu leiða til hækkunar verðlags. Þessar áhyggjur voru óþarfar í ljósi þess að raunlaun lækkuðu skarpt við efnahagshrunið á sama tíma og lítil breyting varð á framleiðni. Verðlagsþróun í kjölfarið hefur því að mörgu leyti staðfest að svigrúm hafi verið fyrir hendi fyrir meiri nafnlaunahækkningar en að jafnaði. Launaþróun hefur því ekki haft ráðandi áhrif á verðbólgu undanfarinna missera heldur fyrst og fremst þróun húsnæðisverðs. Húsnæði vegur um þriðjung í vísitölu neysluverðs og það skýrir hvers vegna breytingar á húsnæðisverði geta haft mikil áhrif á verðbólgu eins og glögg má sjá á myndinni hér að neðan af þróun verðlags.

Þróun verðlags




Heimild: Hagstofa Íslands

Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðis í vísitölu neysluverðs hefur verðlag lækkað hér á landi um 3% undanfarna tólf mánuði. Verðhjöðnunin hefur mælst frá því um mitt ár 2016 og er því ekki eingöngu skammtímaástand. Á meðan húsnæðisverð hefur verið stærsti einstaki drifkraftur verðbólgu undanfarin ár hafa margir aðrir undirliðir vísitölunnar haft áhrif til lækkunar verðbólgu.


Flestir þessara liða eiga það sameiginlegt að hafa lækkað sökum áhrifa af styrkingu gengis krónunnar sem hefur haft jákvæð áhrif á innflutt verðlag. Þessari þróun hefur áður verið gerð ítarleg skil í spám hagdeildar. Gengi krónunnar hefur hins vegar veikst frá útgáfu síðustu spár hagdeildar þó verðlagsþróun hafi haldist hagfelld. Þetta gæti stafað af því að samkeppni á innlendum markaði hefur aukist með auknum utanlandsferðum landsmanna, aukinni samkeppni frá netverslun og innkomu erlendra verslunarrisa á íslenskan smásöluarkað, þ.e. Costco og H&M. Opnun Costco í maí síðastliðnum virðist hafa komið mörgum samkeppnisaðilum í opna skjöldu. Auk þess sem neytendur fengu kost á lægra verði í mörgum vöruflokkum bauðst fyrirtækjum nú vörur á lægra verði en hjá innlendum heildsölum.

Ársbreyting verðlags



Áhrif aukinnar samkeppni sjást í mörgum undirliðum vísitölu neysluverðs. Dagvöruverð hefur lækkað um 5,5% milli ára, innlend mat- og drykkjarvara um 3,4%, innflutt mat- og drykkjarvara um 9% og grænmetisverð um 12%. Vegna aukinnar samkeppni hafa innfluttir vöruliðir einnig lækkað í verði þrátt fyrir að krónan hafi veikst.

Verðbólga



Við teljum verðlagshorfur góðar yfir spátímann þó slík spá sé mikilli óvissu háð. Annars vegar er óvissa um þróun gengis krónunnar en forsenda hagspárinnar gerir ráð fyrir nokkuð stöðugri þróun gengis krónunnar, 2,6% veikingu á næsta ári og nokkuð stöðugu gengi árið 2019. Hins vegar hefur framvinda á húsnæðismarkaði þónokkuð að segja um verðbólguhorfur á næstu misserum. Verði þróun á fasteignamarkaði í takt við væntingar okkar, þannig að hægja muni á hækkun fasteignaverðs út spátímann, teljum við líklegt að verðbólga geti orðið í kringum markmið á næsta ári, eða 2,6% og 2,9% árið 2019.


Störfum fjölgar en atvinnuleysi eykst

Þróun á vinnumarkaði síðustu mánuði ber þess skýr merki að hápunkti hagsveiflunnar hafi verið náð og að farið sé að hægja á vexti. Á árinu 2017 hefur atvinnuleysi minnkað hægar en síðustu fimm ár og atvinnuþátttaka dregist lítillega saman. Fjöldi launafólks innan ferðaþjónustunnar hefur aukist á gífurlegum hraða frá því árið 2010 en á síðustu mánuðum hefur hægt á fjölguninni. Aukin umsvif í byggingariðnaði og mannvirkjagerð hafa einnig fjölgað störfum, en þó er athyglisvert að fjöldi launafólks innan þeirra greina er þónokkuð lægri en á hápunkti síðustu uppsveiflu. Þetta skýrist að hluta til af því að erlendu vinnuafli hefur fjölgað ört upp á síðkastið. Þar sem stór hluti erlends starfsfólks starfar á vegum starfsmannaleiga og hefur hér aðeins tímabundna búsetu er óvíst að gögnin sem hér er stuðst við nái yfir heildarfjölda launafólks í þessum greinum. Að sama skapi gæti hækkandi hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði átt þátt í því að vinnustundum virðist lítið hafa fjölgað síðan þeim fækkaði í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka

Áfram hefur dregið úr atvinnuleysi, en þó hægar en síðustu ár og þó margt bendi til þess að farið sé að hægja á vinnumarkaðnum hefur atvinnuleysi ekki náð sömu lægðum og það gerði í síðustu uppsveiflu, þegar það mældist 1,9% árið 2007.

Atvinnuleysi 2007-2017




Heimild: Hagstofa Íslands

Á 2. ársfjórðungi 2017 mældist atvinnuleysi 3,4% og hafði dregist saman um 0,2% frá því á sama ársfjórðungi árið 2016 þegar það mældist 3,6%. Til samanburðar dróst atvinnuleysi saman um 1,4% milli annarra ársfjórðunga árána 2015 og 2016. Hægst hefur á lækkun atvinnuleysis á síðustu mánuðum hjá báðum kynjum og öllum aldurshópum. Atvinnuleysi kvenna stóð í stað í 2,5% á fyrstu ársfjórðungum árána 2016 og 2017 og atvinnuleysi karla jókst um 0,2 prósentustig milli annarra ársfjórðunga árána 2016 og 2017, úr 3,2% í 3,4%. Atvinnuleysi meðal ungs fólks á bilinu 16–24 ára hefur aukist frá því á síðasta ári, en atvinnuleysi annarra aldurshópa hefur lækkað lítillega.

Samkvæmt gögnum frá Vinnumálastofnun hefur hópuppsögnum fjölgað síðustu tvö ár, en milli árana 2014–2016 fjölgaði einstaklingum sem misstu vinnuna vegna hópuppsagna árlega úr 231 í 493. Flestar þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um árið 2016 komu til framkvæmda á tímabilinu frá mars til júní 2017 og sneru að störfum innan fiskvinnslu, iðnaðar- og framleiðslugreina og upplýsinga- og fjarskiptagreina.¹¹

Atvinnuþátttaka jókst jafnt og þétt frá miðju árinu 2012 og mældist við lok síðasta árs hærri en í síðustu uppsveiflu árið 2007. Hún hefur hins vegar dregist lítillega saman síðustu mánuði.


Atvinnuþátttaka 2005-2017



Heimild: Hagstofa Íslands

Í takt við þróun atvinnuleysis og atvinnuþátttöku hefur störfum fjölgað hægar á fyrri hluta þessa árs en síðustu ár. Á fyrri hluta ársins 2017 mældist fjöldi starfandi einstaklinga að meðaltali 5.350 fleiri en á fyrri hluta ársins 2016. Til samanburðar hafði starfandi einstaklingum á síðari hluta ársins 2016 fjölgað um 8.400 að meðaltali frá því á síðari hluta árs 2015.

Fjöldi starfandi 2011-2017



Heimild: Hagstofa Íslands


Hægari fjölgun starfandi einstaklinga og nánast óbreytt hlutfall atvinnuleysis á þessu ári skýrist að hluta til af því að vinnuafseftirspurn í vinnuafsfrekum greinum hefur í auknum

¹¹ Sjá <https://www.vinnumalastofnun.is/media/1760/hopuppsagnir-i-desember-2016-og-a-arinu-2016.pdf>

mæli verið mætt með innflutningi erlends vinnuafns á vegum starfsmannaleiga. Þó má einnig benda á að þegar atvinnuleysi er orðið jafn lítið og raun ber vitni lækkar það hægar þó vinnuafseftirspurn sé að aukast.

Athygli vekur að meðalfjöldi unninna vinnustunda á viku, sem lækkaði snarlega í kjölfar hrunsins, hefur haldist nánast stöðugur síðan 2009 þó greina megi að vinnuvikan sé heldur að lengjast.

Meðalfjöldi unninna vinnustunda 2005-2017



Heimild: Hagstofa Íslands

Vert er að taka fram að stöðnun í fjölda vinnustunda stafar hvorki alfarið af breyttu aldursné starfshlutfalli á vinnumarkaði. Þó vera megi að frítími sé metinn verðmætari en í síðustu uppsveiflu er einnig hugsanlegt að grafið sýni bjagaða mynd af fjölda vinnustunda. Tölurnar sem stuðst er við hér koma úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands og ná því aðeins yfir þá sem hafa fasta búsetu hér á landi. Líklegt má telja að könnunin nái síður til erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði en íslenskra og auk þess starfa fleiri erlendir starfsmenn tímabundið hérlendis á vegum starfsmannaleiga en nokkru sinni fyrr¹². Ætla má að aðflutt erlent vinnuafn í vinnuafnsfrekum greinum ferðþjónustu og byggingariðnaðar vinni einna lengsta vinnudaga og því má vera að könnunin nái síst til þeirra sem vinna flestar vinnustundir.

Vinnuafseftirspurn og atvinnugreinar

Ný könnun sem framkvæmd var af Gallup fyrir Samtök atvinnulífsins á tímabilinu 30. ágúst til 29. september bendir til þess að dregið hafi lítillega úr skorti á starfsfólki frá því í október í fyrra.¹³ Samkvæmt könnuninni, sem lögð var fyrir stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins, álíta 37% stjórnenda skort vera á starfsfólki, samanborið við 42% í fyrra. Minnkunina á starfsmannaskorti má helst rekja til minni skorts í byggingariðnaði og öðrum iðnaði. Í könnuninni voru stjórnendur beðnir um að leggja mat á vænta fjölgun starfsmanna næstu sex mánuði. 56% stjórnenda sögðust vænta óbreytts fjölda, 29% spáðu fjölgun á næstu sex mánuðum og 15% töldu að starfsmönnum myndi fækka. Samkvæmt SA má álykta sem svo að innan þessara fyrirtækja muni störfum fjölga um 0,7% á næstu sex mánuðum, eða um 900 störf. Mestrar fjölgunar er að vænta á störfum tengdum ferðþjónustu, samgöngum og flutningum. Hér er um að ræða lækun frá því í fyrra en í

¹²Samkvæmt forstjóra Vinnuálagstofnunar í viðtali við Vísi. <http://www.visir.is/g/2017170518690>

¹³ Sjá nánar: <http://www.sa.is/frettatengt/frettir/stjornendur-400-staerstu-telja-adstaedur-godar-en-blikur-a-lofti>


október 2016 mældist vænt fjölgun starfsmanna næstu sex mánuði 1,8%. Niðurstöður könnunarinnar renna stoðum undir þá spá að atvinnuleysi gæti aukist lítillega næstu mánuði.

Fjölgun starfandi einstaklinga síðustu ár má helst rekja til aukinna umsvifa í vinnuafsfrekum atvinnugreinum, sérstaklega í ferðaþjónustu og greinum tengdum henni. Í júlí á þessu ári mældist fjöldi launafólks í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar 8,4% hærrí en í júlí 2016. Þó vöxtur ferðaþjónustunnar hafi enn gífurleg áhrif á vinnumarkaðinn hefur hann dregist saman og störfum í greinum tengdum ferðaþjónustu fjölgað hæggar á þessu ári en á síðustu tveimur árum.

Aukin umsvif í byggingariðnaði og mannvirkjagerð hafa einnig haft gífurleg áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli, en í júlí á þessu ári mældist fjöldi launafólks í greininni 13,6% fleiri en í júlí árið 2016. Fjöldi launafólks í byggingariðnaði hefur þó ekki náð þeim hæðum sem þekktust á hápunkti síðustu uppsveiflu. Eins og fram kom hér að ofan er hlutfall innflutts vinnuafis á vegum starfsmannaleiga herra en nokkru sinni fyrr. Því má ætla að stærrí hluti erlendra starfsmanna í byggingariðnaði sé óskráður heldur en í síðustu uppsveiflu, eða skráður sérstaklega sem starfandi á vegum starfsmannaleiga. Samkvæmt Vinnumálastofnun hefur fjöldi þeirra sem starfa hérlendis á vegum starfsmannaleiga aukist um meira en helming á þessu ári og telur nú næstum 2.500 manns.

Útgefnum atvinnuleyfum Vinnumálastofnunar til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi hefur fjölgað á árinu, en fjöldi útgefina leyfa á bilinu janúar til september þessa árs var um 60% hærrí en allt árið 2016.¹⁴

Aðfluttir umfram brottflutta 2010-2017




Eins og sjá má hér að ofan hefur fjöldi aðfluttra erlendra ríkisborgara umfram brottflutta aukist mjög á þessu ári, sérstaklega á öðrum ársfjórðungi þegar fjöldinn var 3.130,

¹⁴<https://www.vinnumalastofnun.is/media/1937/sept-2017-skyrsla.pdf>

samanborið við 1.330 á sama ársfjórðungi árið 2016, og fækkun um 550 árið 2010. Frá árinu 2010 hafa hátt í 15 þúsund erlendir ríkisborgarar flutt til landsins, að frádregnum þeim sem flust hafa burt.

Á þessu ári hefur stærstur hluti aðfluttra erlendra ríkisborgara verið karlmenn á aldrinum 20–39 ára. Á fyrri helmingi þessa árs mældist fjöldi aðfluttra karlmannna umfram brottflutta 3.240, en fjöldi aðfluttra kvenna umfram brottfluttar mældist 1.460. Þegar litið er yfir lengra tímabil má sjá að hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda hefur aukist síðustu tuttugu ár, en mismikið eftir landshlutum. Hlutfall erlendra ríkisborgara af íbúum á Íslandi er 8,9%, en það er hæst á Suðurnesjum þar sem 14,9% íbúa eru erlendir ríkisborgarar. Þar hefur vöxtur ferðaþjónustunnar og aukin umsvif tengd Keflavíkurflugvelli aukið vinnuafleifirspurn og hlutfall erlendra ríkisborgara hækkað um 5,9 prósentustig frá því árið 2012.

Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda eftir landshlutum 1998 - 2017



Spá hagdeildar gerir ráð fyrir því að störfum muni halda áfram að fjölga og aukinni þörf á vinnuafli verði áfram mætt með fjölgun erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist úr 2,3% á þessu ári í 2,9% á spátímanum þegar hægir á vexti fjárfestinga og ferðaþjónustu.